



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

Khachaturian

Þar sem austrið mætir vestrinu, með söng og dansi forfeðranna

Thomas Stankiewicz

Lokaritgerð til BA-prófs

Listaháskóli Íslands

Tónlistardeild

Maí 2023

Khachaturian

Þar sem austrið mætir vestrinu, með söng og dansi forfeðranna

Thomas Stankiewicz

Lokaritgerð til BA-prófs í tónsmíðum

Leiðbeinandi: Atli Ingólfsson

Tónsmíðabraut

Tónlistardeild

Vorönn 2023

Ritgerð þessi er 6 ECTS eininga lokaverkefni til BA-prófs í Tónsmíðum við Listaháskóla Íslands. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Útdráttur

Khachaturian er nafn armenska tónskáldsins sem lifði árin 1903 - 1978. Hann er þekktasta tónskáld Armeníu, og er hans einnig minnst sem einu af fremstu tónskáldum Sovétríkjanna. Þrátt fyrir að hafa ekki skilið eftir sig jafn mörg tónverk og sumir kollegar hans, hefur Khachaturian haft mikil áhrif og merkt sér einkennandi stað í tónlistarsögunni. Í þessari ritgerð spyr ég hversu þekktanlegur þjóðlagaarfurinn er í tónlist Khachaturians, og geri mitt besta að svara þeirri spurningu í umfjöllun um hann, feril, stíl, armensk einkenni, og einnig með því að skoða hvernig bæði tónmál og viðfangsefni hans tengjast þjóðararfinum. Í fyrsta skiptið sem ég heyrði sjálfur tónlist Khachaturian þá var það Spartacus ballettinn sem ber bæði kunnuglegan og framandi tón, stuttu síðar sýndi pabbi minn mér Sinfóníu no. 3, enn sterkari og dramatískari tónar frá Armeníu. Ég fann strax að þarna voru einhverjir töfrar og áhugi minn leiddi mig lengra. Ég fór að hlusta mikið á Khachaturian og skoða ýmis verk eftir hann. Þegar það kom að þessari ritgerð, lá vel fyrir að velja Khachaturian, ég las mig til um hann og safnaði heimildum úr fræðigreinum á borð við *“The Music That Shaped A Nation: The Role Of Folk Music, The Duduk, And Clarinet In The Works Of Contemporary Armenian Composers Aram Khachaturian And Vache Sharafyan,”* (2015) eftir Anastasiu Christofakis, „*National Identity Construction in Music: A Case Study of Aram Khachaturian*” (2017) eftir Brigittu Davidjants, og „*Fragments from the History of Armenian Music*” (2009) eftir Mher Navoyan. Það er kannski augljóst nú þegar, á þessum titlum, og mínum lýsingum, að hér er um þjóðlegt tónskáld að ræða. Ég komst að því að tónlist Khachaturian hefur einkenni armenskrar tónlistar, án þess að hann vitni beint í armensk þjóðlög. Hann hafði mikinn hæfileika til þess að semja laglínur sem hljómuðu eins og armensk þjóðlög, og sumum lögum hans var jafnvel tekið sem þjóðlögum. Armensk tónlist leitar eftir miðju í laglínunum sínum, og Armenía sjálf var á milli austursins og vestursins. Einnig er ákveðinn miðpunktur eða gatnamót í Khachaturian, því hann er blanda af armenskri og vestrænni tónlist. Í ljóðrænni listsköpun sameinast saga Khachaturian og Armeníu, drifin af trú og þrautsegu, túlkuð í söng og dansi, í dag, eins og menning Armeníu hefur birst í aldanna rás.

Efnisyfirlit

Inngangur	9
Ævi Khachaturian	10
Dómur / Formalismi	10
Endurkoma	11
Áhrif og nám	12
Stíll og þjóðararfur	13
Armenía og Komitas	13
Hljómgrunnur í armenskri tónlist	14
Armensk stíleinkenni	16
Armenskur þjóðlagaarfur í tónlist Khachaturian	16
Vestræn áhrif	19
Útbreiðsla	19
Tónverk	20
Niðurlag	22
Heimildaskrá	24

Hjarta mitt líkist eyðilögðum heimilum
Þar sem stoðir og súlur hafa fært sig til, og villtir fuglar munu búa til hreiður sín.
Lofaðu mér að fara út í náttúruna, svífandi ár.
Og verða matur fyrir fiskana.
Jæja, þú eyðileggjandi heimilis míns ...
Ég sá svartan sjó breytast í hvítan.
Öldurnar héldu áfram að berja.
Hjarta hans veiktist og ráfaði.
Leiðinlegt að hjarta hans hafi allt verið svart og dæmt til heimilisleysis.
-Komitas ¹

¹ Christofakis, „The Music That Shaped A Nation,” Þýtt af undirrituðum

Inngangur

Það var eitthvað sérstakt að eiga sér stað í tónlist í Rússlandi á 19. og 20. öld. Flest öll þekkjum við tónskáldin frá þeim tíma, rússneska skólann, og fær tónlist þeirra spilun og flutning víða enn þann dag í dag. Nú er árið 2023, en Sinfóníuhljómsveit Íslands fór í tónleikaferðalag í vor og spilaði þar $\frac{2}{3}$ af prógramminu sínu verk eftir þessa meistara 19. og 20. aldarinnar, rússneska tónlist, meira en hundrað ára gamla. Úr þessari ríku arfleidd tónsmíða, og virðulegu flóru tónskálda, spratt upp eitt tónskáld sem hefur skorið sig út á ákveðin hátt, með tærri tjáningu og sterkum trega, með laglínunum sem lýsa framandi landslagi og segja sögur af samfélagi á flóttu undan dauðanum, það er tónskáldið Aram Khachaturian. Eftir að hafa hlustað á rússneska tónlist í langan tíma, fannst mér ég heyra eitthvað öðruvísi í tónlist Khachaturian. Kunnuglegt, en öðruvísi. Ég heyrði fyrst Adagio kaflann í Spartacus ballettnum, sem er bæði hugljúfur og tregafullur, dreymandi og drungalegur. Adagio kafllinn er aðgengilegur, en það er á hreinu að þetta er ekki sami sæti blómailmurinn og maður heyrir í Tchaikovsky, heldur er litapallettan aðeins dularfyllri. Eftir að ég uppgötvaði þetta verk og sýndi þabba mínum, sýndi hann mér Sinfóníu No.3 eftir Khachaturian, tónaljód sem tekur þessar tilfinningar skrefinu lengra. Verkið var samið í tilefni þrjátíu ára afmælis rússnesku byltingarinnar, lofsöngur til Sovétríkjanna í einum stórum kafla sem inniheldur orgelsóló og fimmtán trompet. Pabbi minn sagðist hafa séð fyrir sér sögu Armeníu við hverja hlustun. Verkið vekur upp ótta og fegurð í jöfnum mæli, en dramatíkin endaði ekki í tónlistinni, því verkið sjálft var svo dæmt af Sovétríkjunum. Khachaturian hefur veitt mér mikinn innblástur, bæði stórkostleg verk hans og ævisaga. Þegar ég kynntist tónlistinni hans, jókst áhugi minn á þjóðlögum og fannst mér einnig kenningin kristalísast að stílbrigði vestrænnar kvikmyndatónlistar á 20. öld mætti rekja aftur til notkunar þjóðlaga í klassískri tónlist, þá ekki síst rússneska skólans. Einnig komst ég að því að það mætti ekki síður rekja mikið af kvikmyndatónlist til Khachaturian. Þegar eyrun hafa heyrt þessi blæbrigði í gegnum útþynntar varíásjónir kvikmyndatónlistar okkar tíma, þá er auðvelt að greina vatnsglasið frá ánni þar sem vatnið á sér uppruna. Greinilegt er að Khachaturian hefur verið mjög skapandi og upprunalegur í sínum tónsmíðum, og hefur líklega átt dýpri og persónulegri tengingu við viðfangsefni tónlistarinnar en nokkurt kvikmyndatónskáld okkar tíma myndi þora að vonast til þess að eiga. Í þessari ritgerð mun undirritaður fjalla um Khachaturian og hversu þekktanlegur þjóðlagaarfurinn er í tónlist hans, í köflum um ævi, áhrif og nám, stíl, og útbreiðslu.

Ævi Khachaturian

Khachaturian fæddist þann 6. júní árið 1903 í Tbilisi, Armeníu. Hann var einn af fimm börnum og foreldrar hans voru bæði armensk. Hann var mikið í kringum tónlist á ungum aldri. Fyrstu upplifanir hans af tónlist eru sagðar vera söngvar móður hans og þjóðlagatónlistin í Tbilisi.² Einnig fékk hann að fara með móður sinni í armensku rétrúnaðarkirkjuna á sunnudögum þar sem hann heyrði gamla armenska söngva. Armenía er þjóð í fjöllóttu Kákasus svæðinu sem tengir Asíu og Evrópu.³ Tbilisi var stjórnsýslumiðstöð alls Kákasus svæðisins. Í Tbilisi var stórt armenskt samfélag og borgin var mikilvæg menningarstöð. Þar mættust mismunandi Kákasus straumar, gömul þjóðlagatónlist, *ashugh*⁴ list, og vestræn listmenning. Khachaturian minnst þess að hafa hlustað á *ashugh* tríó með *sazandar*⁵ á götum Tbilisi á ungum aldri, og að hafa orðið fyrir miklum áhrifum.⁶ Hann fór ekki í hefbundið tónlistarnám sem barn, en þess í stað fékk hann þessar upplifanir á armenskri tónlistarmenningu. Sem unglingur sá Khachaturian í fyrsta sinn óperusýningu og varð þá hugfanginn af heimi tónlistarinnar. Á þessum tímum virtust litlar líkur vera á því að hann gæti nokkurn tímann orðið tónskáld, en árið 1917 varð margt af hinu ómögulega mögulegt með rússnesku byltingunni. Sovétríkin opnuðu dyr fyrir Khachaturian til þess að fara til Moskvu í tónlistarnám og árið 1922 hóf hann nám sitt í sellóleik við Gnessinskólann, þá 19 ára gamall.⁷ Sjö árum síðar, árið 1929, hóf hann tónsmíðarnám hjá Nikolai Myakovsky í Tónlistarháskólanum í Moskvu.

Dómur / Formalismi

Í Moskvu varð Khachaturian þekktur, ekki einungis sem armenskt tónskáld, heldur einnig sem sovéskt tónskáld. Á 4. og 5. áratugnum var hann talinn vera eitt af fremstu tónskáldum Sovétríkjanna, ásamt vinum sínum Shostakovich og Prokofiev. Khachaturian þakkaði Sovétríkjunum sem dyrum sínum inn í heim tónlistarinnar. Hann gaf Sovétríkjunnum hollustu sína og var kommúnisti. Sjálfur skrifaði hann „*Októberbyltingin gjörbreytti öllu mínu lífi, og ef ég hef orðið að alvöru listamanni, þá er ég í þakkarskuld við sovéska fólkið og Sovétstjórnina. Þessu fólki er helgað allt mitt meðvitaða líf, eins og allt mitt skapandi starf*”. Shostakovich og

² Christofakis, „The music that shaped a nation” 31.

³ Armenia, Georgia og Azerbeijan

⁴ Armenskur götusöngvari

⁵ Einn af þremur hljóðfæraleikurum í hefbundnri armenískri hljómsveit

⁶ Davidjants, „National Identity Construction in Music: A Case Study of Aram Khachaturian,” 10

⁷ Rosen, „Khachaturian: The virtuous Soviet Armenian composer”

Prokofiev voru ópólítískir á meðan Khachaturian var stjórninni hliðhollur. Í apríl 1948 voru þeir þrír, Khachaturian, Shostakovich og Prokofiev, ásamt öðrum sovískum tónskáldum, opinberlega ásakaðir um „formalisma“. Í Sovétríkjunum var „formalismi“ listræna hugtakið en „óvinur fólksins“ pólítíska hugtakið. Þeir voru ásakaðir fyrir það að semja tónlist sem gerði ekki neitt til þess að upphefja sovíska hugsjónina, og voru þar af leiðandi litaðir af skömm í augum samfélagsins. Þetta særði Khachaturian.⁸ Khachaturian fékk þó ekki jafn harðan dóm eins og hinir, þar sem það var hægt að rekja tónlist hans í þjóðlagatónlist Armeníu. Sovétríkin héldu því fram að hann hefði misst tengsl við rætur sínar og orðið heimsborgaralegur (e. *cosmopolitan*). Að því gefnu var hann sendur til Armeníu í refsingarskyni, og í fylgd með honum var sovískur umboðsmaður sem sendi skýrslur til Moskvu af öllum hreyfingum hans. Í þágu listrænnar endurmenntunar Khachaturian, skipulögðu Sovétríkin tónleika í hverju einasta þorpi sem þeir heimsóttu. Á einum af þessum armensku þjóðlagatónleikum heyrði Khachaturian óvænt tónlist eftir sjálfan sig, tónlist sem hann hafði samið fyrir armensku kvikmyndina *Peppó*. Khachaturian spurði þorpsbúa í næsta stól hvort hann vissi hver höfundurinn væri. Svaraði hann þá að þetta væri gamalt þjóðlag og að höfundur væri óþekktur. Átti þá að hafa sprottið upp eina brosið á andliti Khachaturian á þessum erfiðu tímum.⁹ Það má segja að Khachaturian hafi á þeirri stundu tekist að verða þjóðlagatónskáld.

Endurkoma

Eftir bæði listræna og pólítíska niðurlægingu, þurfti líklega ákveðið hugrekki fyrir Khachaturian til þess að hefja tónsmíðar á ný. Á þessum tíma minntist hann föður síns, sem var fátækur og ólæs maður, en tókst með þrautseigju og dugnaði að verða bókbindari. Khachaturian fann styrk og innblástur í hugmynd sinni um nýjan ballett, *Spartacus*.¹⁰ Sovétríkin bönnuðu honum að fjalla um sögu uppreisnar og ádeilu, en þá fann Arkade Arkelian, vinur Khachaturian, bók þar sem Karl Marx kallaði *Spartacus* uppáhalds hetjuna sína. Kommúnistaveldið átti erfitt með að hafna þessari skoðun Karl Marx, og þann 9. Júlí árið 1950 byrjaði Khachaturian að skrifa *Spartacus* ballettinn og var að þar til í febrúar 1954. Saga *Spartacus* var hættuleg og þýðingarmikil frásögn á þessum tímum í Sovétríkjunum. Söguhetjan er þræll sem leiðir þrælauppreisn. Í verkinu fékk stórkostlegur skali af tilfinningum Khachaturian útrás. Stríð, fjötrar, von, fresli, ást og dauði.

⁸ Rosen, „Khachaturian: The virtuous Soviet Armenian composer“

⁹ Rosen, „Khachaturian: The virtuous Soviet Armenian composer“

¹⁰ *Spartacus* var skyldingapræll undir Rómaveldi og leiddi þrælauppreisn.

Khachaturian vildi tjá sig, og gera eitthvað sem myndi hreyfa við heiminum. Þarna voru átök á milli eins manns og stórveldis. Spartacus varð að sjálfsmýnd fyrir Khachaturian, en speglaði einnig sovéska samfélagið í heild sinni og átökin við stórveldið. Þar fann hann sameiginlega taug. Þegar Spartacus ballettinn var fluttur, endaði listræn útleigð Khachaturian, og honum var fagnað með miklu stolti af Sovétríkjunum og þjóð sinni á ný.¹¹ Þetta er fallett dæmi um mikilvægt hlutverk listarinnar. Hvernig hún getur fangað tíðarandann, og í gegnum hið ljóðræna, komið á framfæri byltingarkenndum hugmyndum til almennings beint undir nefum fasista.

Áhrif og nám

Í maí árið 1867 var grein birt í Sankt-Peterburgskie Vedomosti, elsta dagblaði Rússa, þar sem eftirfarandi var skrifað um tónleika í Moskvu.

„Guð gefi að slavnesku gestir okkar megi aldrei gleyma tónleikunum í dag; Guð gefi að þeir megi að eilífu varðveita minninguna um hversu sterk ljóðræna, tilfinning, hæfileikar og gáfur búa í smáum hóp rússneskra tónlistarmanna.”¹²

Það eru fimm tónskáld sem eru sögð eiga heiðurinn á þróun rússneska stílsins á 19. öld. Það eru Borodin, Mussorgsky, Balakirev, Cui, og síðast en ekki síst Rimsky-Korsakov. Rimsky-Korsakov er talið eitt fremsta tónskáld Rússa, og var einnig góður kennari. Mikil velgengni fylgdi mörgum nemenda hans, til að mynda Stravinsky, Prokofiev, Respighi, og Myaskovsky, sem var kennari Khachaturian.¹³ Þrátt fyrir að Khachaturian hafði samið nokkur verk áður, á meðan hann var í sellónámi, hóf hann formlega nám í tónsmíðum árið 1929. Það eitt, að ganga í gegnum dyrnar inn í kennslustofu Myakovksy, lýsti Khachaturian sem umbreytingu sinni úr sellóleikara í tónskáld. Myakovsky lagði mikla áherslu á tjáningu og listrænt frelsi. Það er skýrt að framsækni og frelsi Myakovsky, ásamt ígrundun hans í þjóðlagaarfleifð hafði mikilvæg áhrif á Khachaturian. Þetta studdi við þróun hans á persónulegum stíl með blæbrigðum þjóðlagatónlistar Armeníu.¹⁴ Á seinni árum sínum gaf Khachaturian þá þekkingu áfram til nemenda sinna þegar hann kenndi meginreglur Myakovsky í bland við sínar eigin.¹⁵ Í námi sínu samdi Khachaturian

¹¹ Rosen, „Khachaturian: The virtuous Soviet Armenian composer”

¹² Abraham Calvocoressi, *Master Musicians Series: Mussorgsky*, 178.

¹³ Christofakis, „The music that shaped a nation” 30.

¹⁴ Christofakis, „The music that shaped a nation” 102.

¹⁵ Christofakis, „The music that shaped a nation” 31.

nokkur af sínum frægustu verkum, til dæmis *Trío fyrir klarinett, fiðlu og píanó (1932)* og *Sinfóníu No.1 (1934)* sem vakti aðdáun Shostakovich.

Árið 1933 heimsótti Prokofiev Tónlistarháskólann í Moskvu sem gestur Myakovsky. Þá vaknaði hrifning Prokofiev á verkum unga Khachaturian, sérstaklega á verkinu *Trío fyrir klarinett, fiðlu og píanó*. Prokofiev tók verkið með sér til Parísar, sem í kjölfarið leiddi til fyrsta alþjóðlega flutnings á verki eftir Khachaturian, og á armenskri tónlist síðan árið 1915, þegar Armenía hafði næstum verið eyðilögð undir árás Ottómanaveldisins. Tríóið er talið vera fyrsta skref í listrænni mótun Khachaturian og er sagt sýna allar hliðar hans sem tónskáld. Nemandi Khachaturian, Olga Harris, lýsti því að þessi fyrstu verk hans hafi varpað ljósi á gjöf hans til þess að nota þjóðlagatónlist á einstakann hátt. „*Engum öðrum tókst þetta á þessum tíma. Allir reyndu að finna sér persónuleika og hljóm, en hann fæddist með sitt eigið tungumál*”, sagði Harris.¹⁶

Stíll og þjóðlagararfur

Þjóðlagatónlistinni fylgir ákveðin dulúð, og ekki er algengt að fólk geti borið kennsl á hana með öðru en ákveðinni tilfinningu. Hvar á hún uppruna sinn? Hver söng fyrsta sönginn, og hver orti fyrsta kvæðið. Kannski er það ferðalag þessara laglína sem gerir þær svona hrífandi, og einmitt óvissan um hversu margar kynslóðir gætu kunnað að hafa mótað, sungið, eða snert hverja laglínu fyrir sig, og þar með komið henni yfir til næstu kynslóðar. Söngvar hlýddir í hliðum, frá manni til manns, kynslóð eftir kynslóð. Armenski tónlistarfræðingurinn, Komitas, sagði:

„*Hvað er viðfangsefni þjóðlaga? Gætu það verið stoltu fjöllin, djúpu dalirnir, túnin, fjölbreytta loftslagið, hinir mörgu sögulegu viðburðir og atburðir, innra og ytra líf fólksins? Já, sannarlega, allt er þetta efniviður í þjóðlega tónlist, í stuttu máli, allt sem hefur áhrif á tilfinningar og huga þjóðarinnar.*” - Komitas

Armenía og Komitas

Armenía á sér erfiða sögu. Hún var vel staðsett og margir sóttust þess vegna í hana. Hún tengdi austrið við vestrið. Armenía lenti í ófáum árásum á tímum Ottómanaveldisins í margar aldir. Sú þjáning átti sér stóran lokakafla í þjóðarmorðinu árið 1915, sem hefur einkennt

¹⁶ Christofakis, „The music that shaped a nation” 33.

sjálfsmyndarþróun Armeníu hvað allra mest.¹⁷ Þjóðarmorðið var nálægt því að tortíma armensku þjóðinni gjörsamlega, ásamt allri tilheyrandi sögu og menningu. Ein og hálf milljón manns dóu. Þetta var fyrsta þjóðarmorð tuttugustu aldarinnar, og varð að fyrirmynd fyrir helförina.¹⁸

Skráning og varðveisla á armenskri þjóðlagatónlist er að miklu leiti einum manni að þakka, armenska prestnum og tónlistarkennaranum Komitas. Á árunum 1904 - 1914, ferðaðist hann á milli þorpa í Armeníu þar sem hann skoðaði, hlustaði, og ritaði yfir fjögur þúsund þjóðlög og heilaga söngva á armensku og öðrum tungumálum. Hann ritaði fjögur þúsund lög, en talið er að aðeins þriðjungur hafi varðveist í gegnum þjóðarmorðið. Komitas hafði mestan áhuga á þróun þjóðlaganna. Hann trúði því að maður þyrfti að sjá fólkið dansa til þess að geta séð sál þeirra og virkilega skilið það. Hann sagði að takturinn og hreyfingin lýsi því hver þau eru, og hvað þau hafa gengið í gegnum. “*Söngurinn birtir eðli tungumálsins, og þegar þetta tvennt kemur saman, birtist kjarni fólksins.*”¹⁹ Endurómur af þessari menningu hefur borist áfram í gegnum margar kynslóðir og veitt fólkinu rætur. Í Armeníu er sagt að hreyfing og hljóð séu birtingarmynd sálarinnar. Þar skapast tónlist þjóðarinnar sem tjáning fólksins og sögu þeirra í söng og dansi. Það má einnig segja að náttúran búi til hreyfingu og tilfinningu, þar sem hún stjórnar lifnaðarhætti fólksins.²⁰

Hljómgrunnur í armenskri tónlist

Khachaturian heyrði hljóma og rytma samstundis.²¹ Tónskáldið Tigran Mansurian hélt því fram að rytmísk tónskáld þyrftu að sætta sig við það að laglínurnar væru fastar í skorðum, því að rytminn væri í forgrunni. Einnig þyrftu þá melódísk tónskáld að sætta sig við það að rytminn væri í bakrunni, til þess að skapa rými fyrir laglínurnar.²² Í tónlist Khachaturian eru bæði rytminn og laglínan ótamin og frjáls hvort með öðru. Hvorugt þeirra gefur undir og hvorugt tekur stjórn. Þetta er armenskt, og einkennir tónlist Khachaturian að mörgu leyti. Armenskar laglínur fylgja mynstri af ríkri og einstakri, en einnig frjálslegri og breytilegri áherslu. Takturinn sýnir tillfinningu verksins með reglulegum og mynstruðum púls, á meðan áherslurnar gefa í skyn hreyfingu og stjórna tóninum.²³ Ef að tónlist á rætur sínar í tungumáli, þá hafa orðin þróað

¹⁷ Davidjants, „National Identity Construction in Music” 8.

¹⁸ Christofakis, „The music that shaped a nation” 52.

¹⁹ Christofakis, „The music that shaped a nation” 13.

²⁰ *ibid.*, 26.

²¹ Christofakis, „The music that shaped a nation” 38.

²² Rosen, „Khachaturian: The virtuous Soviet Armenian composer”

²³ Christofakis, „The music that shaped a nation” 26.

púlsinn í tónlistinni og laglínan þá fengið að ráða rytmanum.²⁴ Í armenskri tungu er áherslan oft lögð á síðasta atkvæði orðsins.²⁵

Armenía var fyrsta þjóðin til þess að taka opinberlega upp kristindóm, árið 301 eftir Krist, og trúin leiddi til þróunar á trúarlegri tónlist. Fólkið var nátengt trú sinni og fékk innblástur frá trúarlegum tónlistarhefðum. Með tímanum bárust þessar hefðir inn í hversdag þjóðarinnar.²⁶ Hljómgrunnur í trúarlegri tónlist Armeníu er fjórtónungur.²⁷ Hvert lag er byggt á skala sem er myndaður af tveimur samtengdum fjórtónungum. Evrópska tónkerfið byggist á áttundum, sem má segja að byggist einnig á tveimur fjórtónungum í röð, til dæmis, c-d-e-f, g-a-h-c, (do-re-mi-fa, sol-la-ti-do). En á milli þessara fjórtónunga er heiltónn, f-g. Í armenska kerfinu er ekki þetta bil á milli fjórtónunganna, og armenska tónkerfið er ekki byggt á áttundum. Armenska tónkerfið er byggt á samtengingu fjórtónunga, til dæmis, c-d-e-f, f-g-a-b, síðasti tónn fyrri fjórtónungsins verður fyrsti tónninn af þeim síðari. Þegar fjórtónungarnir hafa margvísleg virknitengsl, þá verða þeir að kerfi. Í evrópskri tónlist er hlutverk fjórtónunganna endurtekið í hverri áttund fyrir sig, en í armenskri tónlist endurtekst virknin aðeins innan hvers fjórtónungs. Til þess að fullkomna armensku fjórtónungana tvo sem áttund, er stundum bætt við nótu á botninn, en ekki á toppinn. Frá C myndi fullkomin keðja vera, h - c - d - e - f - g - a - h. Í armenskum eyrum er 'do' ekki H-ið heldur F-ið. Þau hlusta eftir miðju þar sem laglínur og hljómaraðir fara frá og koma aftur að, í stað þess að einbeita sér að því hvar tónlistin byrjar, eða að hugsa nóturnar frá botninum upp. Í vestrænum eyrum gæti þetta hljómað eins og Mixólydískur skali.²⁸ Það er auðvitað ekki bara í armenskri tónlist sem fjórtónungar eru samtengdir. Forn-Grikkir notuðu mismunandi samtengingar fjórtónunga og höfðu sitt flókna kerfi af stillingum í tónlist sinni. Hver þjóð hefur fjórtónunga og sitt eigið svokallaða tónmyndunarmál (e. *intonation language*) og skapar þannig sinn eigin hugsunarhátt. Það er kannski mikilvægt að benda á það að ekki er til neitt kerfi sem tilheyrir einhverri tiltekinni þjóð, tónlist ýmissa þjóða inniheldur hljóma sem við getum einnig fundið í tónlist annars staðar frá. Frekar væri hægt að segja að tónlist ákveðinna þjóða innihaldi nákvæma og sérstaka notkun á ákveðnum aðferðum, sem verður dæmigerð í þeirra menningu, og í þeirra eigin tónmyndun.²⁹

²⁴ *ibid.*, 27.

²⁵ *ibid.*, 38.

²⁶ Christofakis, „The music that shaped a nation” 51.

²⁷ Christofakis, „The music that shaped a nation” 27.

²⁸ Christofakis, „The music that shaped a nation” 28.

²⁹ Navoyan, *Fragments from the History of Armenian Music*, 23

Það er áhugavert að gera sér grein fyrir þessum muni á hugsunarhætti, og að armenísk tónlist skuli finna heimatón sinn í miðjunni, þar sem tveir fjórtónungar mætast, rétt eins og þjóðin sjálf hefur svo oft fundið sig í miðjunni, á milli tveggja heimsálfa og stórvelda.

Armensk stíleinkenni

Þrjú stíleinkenni í tónlist Khachaturian eru rakin beint til armenskra áhrifa. Fyrst er það notkun hans á leiðandi takti, frumlegu taktmynstri og snöggum taktbreytingum, sem er oft kennd við þjóðdansasatónlist. Annað einkennið er víðtæk notkun hans á ómstríðum tvíundum. Varðandi notkun sína á tvíundum segir Khachaturian „*Tökum sem dæmi ást mína á tvíundum, dúr og moll. Ætli ég hafi ekki átt í nægilega miklum vandræðum við kennara mína og tónlistargagnrýnendur útaf henni! Þessi árátta kemur frá tríói alþýðuhljóðfæranna: tar, kemönchu og tamborínu. Ég hef gaman af slíkum hljóðum og í mínum eyrum er þessi ómstríða eins náttúruleg og öll ómblíða.*“

Þriðja stíleinkennið er kyrrstæður bassi, eða pedalpunktur, og var það einkenni í tónsmíðastíl Khachaturian sem hann reyndi að vera meðvitaður um. Stanley D. Krebs taldi þetta vera eina af alvarlegustu takmörkunum Khachaturian sem tónskálds og skrifaði: „*Drónar, pedalpunktar og þrástef, geta stutt við blindandi rytmísk brögð og spennandi eða ákafan kontrapunkt; geta styrkt frásögn hins grimma, glaða, dapra eða blíða; geta æst eða róað, en geta líka dofið og lamað. Það er ólíklegt að aðal samheldni nokkurs símfóníks verks geti verið þrástef án þess að hætta á það síðastnefnda.*”³⁰ Þessi athugasemd kom fram í umfjöllun Krebs um píanókonsert Khachaturians, sem hefur verið eitt vinsælasta og mest flutta verk Khachaturian.

Armenskur þjóðlagaarfur í tónlist Khachaturian

Laglinur í tónlist Khachaturian eru þekktar sem armenskar, en það getur verið vandmeðfarið að greina og rekja þjóðlagaarf tónskáldsins á nákvæman hátt. Það er til dæmis haft eftir B. V. Asafev, einum af helstu tónlistarfræðingum Rússa, að hægt sé að rekja uppsprettu melódísku stíls Khachaturians aðallega til armensku ashughes sönglistarinnar. Þessu svarar Georgi Gyodakyan í greininni „Aram Khachaturian og tónlist 20. aldar“, þar sem hann fjallar um tónheim tónverka Khachaturian.

³⁰ Krebs, *Soviet Composers*, 226

„Þetta er auðvitað ekki nákvæmt, reyndar er þetta bara alls ekki rétt. Kannski er kominn tími til þess að leiðrétta þessa skoðun, þennan misskilning, sem hefur farið frá grein til greinar og frá bók til bókar sem almenn skoðun, að list ashughes sé aðaluppspretta tónlistarstíls Khachaturian og að tónskáldinu sjálfu sé hægt að lýsa sem tónskáldi-ashugh okkar tíma. Þetta er djúp blekking. Fjölbreytileiki og sveigjanleiki tónlistar Khachaturian er einmitt sá að hann safnaði upp allri ríkustu upplifun armensku tónlistarmeningarinnar, sem fer aftur í aldadjúpin. Almennt séð er mjög erfitt að aðskilja hvaða svið þjóðlagatónlistar það er sem hann hafði mestan áhuga á. Hann nýtti sér armenska alþýðuþjóðlagahefð, og einnig borgarþjóðtrú, sem og armenska hljóðfæraþjóðlagatónlist. Að mínu mati er ekki heldur hægt að sleppa hinum armenska andlega miðaldasöng úr flóru Khachaturians.³¹

Í kjölfarið útskýrir Gyodakyan að hann eigi ekki við að Khachaturian hafi notað eða vitnað beint í þessi mismunandi svið þjóðlagatónlistarinnar, heldur frekar að einkenni þessara þjóðlaga og tónmynd þeirra hafi verið upphafspunkturinn þar sem meðvitund eða innsæi Khachaturian fór af stað í tónsmíðum á sínum eigin laglínunum, og mótun á eigin karakter. Í nálgun sinni gerir Gyodakyan því mikilvæga leiðréttingu á áratugalangri rangtúlkun á tónlistararfleifð Khachaturians. Khachaturian ólst upp í Tbilisi í armensku umhverfi, þar sem hann, eins og svampur, gleypsti í sig þjóðlagatónlistina, tónlist sem móðir hans söng fyrir hann. Fyrir utan þjóðlagatónlistina kunni hann einnig mjög vel og elskaði armenska andlega tónlist. Frá barnæsku klæddi móðir hans hann upp á hverjum sunnudegi og fóru þau í kirkju til að hlusta á armensku helgisíðina. Það er hægt að heyra stillingar og innlendar setningar í tónlist Khachaturian sem eiga rætur í þessari armensku miðaldatónlist. Hann var algjörlega niðursokkinn í armenskri tónlist og hún var þegar í undirmeðvitundinni hans sem undirstaða fyrir komandi listsköpun. Samt notaði hann sjaldan laglínur beint úr þjóðlögum í list sinni, með nokkrum undantekningum, eins og þjóðlagið Vorkan Aghper, eitt laganna sem móðir hans söng fyrir hann, notaði hann í 2. sinfóníu sinni. Í öðrum þætti píanókonsertsins er gamalt þjóðlag sem hann heyrði í æsku, sem og í einleikssónötunni fyrir víólu, þar sem í miðhlutanum má heyra þjóðlagið Sari gyalin. Hægt er að telja á fingrum einnar handar hversu mörg þjóðlög Khachaturian vitnaði beint í í tónlist sinni. Það var mjög sjaldan. Tónlist hans er uppfull af tónum armenskrar tónlistar en án beinna tilvitnana. „Ég er algjörlega gleypstur af armenskri tónlist og ég þarf ekki tilvitnanir neinstaðar frá“ er haft eftir Khachaturian. Armenski listamaðurinn, Martiros Saryan, sagði sem

³¹ Gyodakyan, *Aram Khachaturian and the music of the 20th century*, 129

myndlíkingu, að Khachaturian tæki alla armenska tónlist, blandaði og nærði hana með þúsundum hugmynda, og hafi svo búið til sinn eigin þjóðlega „rétt“ og boðið fólkinu.³² Samlíkingin er sú að hann hafi unnið svona, án þess að þurfa neinar beinar tilvitnanir, en þjóðargrundvöllurinn var alltaf til staðar, sem hann fann sem sterkan stuðning undir fótum sér. Á seinni árum lífs síns var Khachaturian mjög móðgaður þegar list hans var vísað til ashughs, og hann hafði fulla ástæðu til þess, þar sem þessi fullyrðing þrengdi vítt svið listar hans. Hann tileinkaði sér ashugh söngljóðið, enda innblásinn af list þeirra ekki aðeins í *Song-Poem, (til heiðurs Ashugs) fyrir fiðlu og píanó (1929)*, þó þýðir það ekki að það sé einungis hægt að tengja tónlist hans við list trúbadors. List hans er mun víðtækari, og felur í sér margar hliðar á armenskri tónlist. Það sem Khachaturian tekur aðallega frá ashugh listinni er spunahugsunin og spunatímasetningin í tónlistinni. „*Hann var mikill spunamaður.*” Sagði Alina Pahlevanyan. „*Þú gætir gefið honum hvaða þema sem er, nákvæmlega hvaða þema sem er, og hann myndi strax improvisera á píanóíð á því þema. Jafnvel án þess gat hann spilað klukkustundir af spuna. Ekki geta öll tónskáld haft spunahugsun, færni, og náð tökum á þeim samstundis innan ákveðis tónsmíðaforms þegar þeir spila. Þetta er kölluð „snilligáfa“ og það er ekkert annað orð en „snillingur” yfir Khachaturian.*” Að því sögðu skýrist betur ástæðan fyrir því að honum var misboðið þegar hann var kallaður ashugh, og tónlistarfræðingar bundu list hans niður með tilvísuninni til ashughs listar. Það var aðallega í gegnum skrif sovésku tónlistarfræðinganna Asafev og Konen, og einnig að hluta til Khubovs sem þessi falska yfirlýsing lifði, og varð að klisjulegri skoðun. Ummæli Gyodakyan voru í andstöðu við þetta, og hann óskaði þess fólk gerði sér grein að samhliða innblæstrinum frá ashughs voru list Khachaturian og uppsprettur tónlistarhugsunar hans mun víðtækari, rótfastar í armenskri tónlist í víðara samhengi.³³

Þegar fólk í Armeníu heyrði tónlist Khachaturian var hún þeim þekkjanleg, og sumir héldu hana jafnvel vera upprunalega þjóðlagatónlist. Það var mikilvægt fyrir Khachaturian að honum yrði tekið sem armensku tónskáldi, það var sjálfsmýnd hans. Árið 1973 skrifaði blaðamaður *Azadak* að Khachaturian kalli sig rússnenskt tónskáld, en Khachaturian svaraði með kvörtunarbréfi þar sem hann tók fram að tónlist hans stæði djúpt í armenskum rótum. Í bréfinu talaði hann einnig um áhrif Komitas á tónlist sína, um heiðurstítlana sem hann hafði hlotið í Armeníu, og götuna í Yerevan í Armeníu sem er nefnd eftir honum.³⁴

³² Rosen, „Khachaturian: The virtuous Soviet Armenian composer”

³³ Gyodakyan, *Aram Khachaturian and the music of the 20th century*, 130

³⁴ Davidjants, „National Identity Construction in Music,” 12.

Vestræn áhrif

Það er forvitnilegt að Khachaturian og Komitas skuli báðir segja tónlist sína vera undir áhrifum af frönsku impressjónistunum, Ravel og Debussy, og það hefði eflaust komið á óvart hefðu þeir upplifað franska stílinn fyrst af vestrænni tónlist. Komitas, sem var menntaður í Berlín, er sagður hafa heyrt fyrst tónskáld þýska skólans, og Khachaturian, menntaður í sovéska skólanum, er sagður hafa heyrt fyrst rússnesku og sovésku tónskáldin. Þó bendir Grigory Shneerson á það, að þar sem Khachaturian byrjaði seint í tónlistarnámi, lærði hann um klassíska tónlist í óhefbundinni röð. Hann byrjaði þá að læra um, og að meta, rússneska tónlist og tónlist frönsku impressjónistana áður en tónlist Beethovens eða Bach. Shneerson lýsir því að skærir hljómar, einstakar laglínur og taktar, og litrík gæði tónlistar Ravels, hafi verið það sem hreif Khachaturian við verk hans. Þetta heyrir í dramatískum verkum Khachaturians, ekki síst í Spartacus ballettnum.³⁵

Útbreiðsla

Khachaturian reis hátt í heimi tónlistarinnar, en af hverju? Eins og flestu hvað hann varðar, verður því eflaust ekki svarað á einfaldan hátt. Khachaturian taldi sig heppinn að fá að komast í tónsmíðanám, og virtist hann bera með sér sprengilegan sköpunarkraft og sterkan, sérstakan tón alveg frá byrjun. *Trío fyrir klarinett, fiðlu og piano (1932)* var mikilvægt verk í byrjun ferils Khachaturian. Hann samdi það 29 ára, og var það verkið sem Prokofiev varð hrifinn af og tók með sér til Parísar, og í kjölfarið varð fyrsti alþjóðlegi flutningur á verki eftir Khachaturian. Khachaturian samdi píanókonsert árið 1936 sem naut vinsælda og leiddi til þess að nafn hans varð þekktara utan við Sovétríkin. Píanókonsertinn vakti aðdáun Shostakovich. Konsertinn var saminn fyrir Lev Oborin, og var fyrsti konsertinn af þremur sem tónskáldið samdi fyrir meðlimi Píanótríós í Moskvu, hinir konsertarnir voru konsert fyrir fiðlu árið 1940 fyrir David Oistrakh, og konsert fyrir selló árið 1946 fyrir Sviatoslav Knushevitsky. Einnig samdi Khachaturian sovéskan þjóðsöng Armeníu árið 1944, og þrjár Sinfóníur (1935, 1943, 1947). Khachaturian samdi fyrstu armensku sinfóníuna, konsertinn, ballettinn og kvikmyndatónlistina. Frægust verka hans eru líklega ballettarnir Spartacus (1954), og Gayane (1942) sem inniheldur skemmtilega og fræga lagið *Sverðdans* (e. Sabre Dance), sem hefur verið notað í óteljandi mörgum kvikmyndum og er notað víða enn í dag. Þegar Sovétríkin dæmdu Khachaturian, Shostakovich, og Prokofiev fyrir

³⁵ Shneerson, „*Aram Khachaturyan*,” 26.

„formalisma“ og fyrir að semja tónlist sem lyktaði af Evrópskri og Bandarískri borgarastétt, hlýtur Khachaturian að hafa verið að naga á sér neglurnar í örvæntingu á meðan hann beið þess að miðnefndin kæmist að því að frægi Sverðdansinn hans, sem þá var farinn að vera kallaður „Sabre Dance Boogie“, væri orðinn vinsæll smellur í vonlausu decadentu jukeboxunum í U.S.A. Árið 1949, einu ári eftir dóminn um „formalismann“, skrifaði Khachaturian bréf til Gevork Ovanesyan sagnfræðings og stjórnáamanns. Í bréfinu sagði hann að sagnfræðingur sem skrifar um sovéska eða armenska tónlist beri sú skylda að segja að fyrsta sínfónía í sögu Armeníu hafi verið samin af Khachaturian. „*Þetta ætti ekki að gleymast, en því miður vill einhver sleppa mér úr sögunni.*“ Útskriftarverk Khachaturian, Sínfónía nr.1, var fyrsta sínfónían í sögu Armeníu. Píanókonsertinn hans var grunnur fyrir hljóðfærakonserta í armenskri tónlist. Khachaturian var einnig fyrsta tónskáldið sem samdi tónlist fyrir armenskar kvikmyndir með hljóði.³⁶ Það má segja að tónlist Khachaturian hafi fundið sér leið í heim kvikmyndanna á fleiri en einn hátt. Hann samdi tónlist fyrir 25 kvikmyndir, en það er áhugavert að önnur tónlist hans sé oft tengd við kvikmyndatónlist. Sverðdansinn varð frægur í Bandaríkjunum og í kjölfarið mikið notaður í kvikmyndum. Svo eru það kunnugleg, tilfinningarík, þjóðleg og frásögumikil stef hans sem hafa haft mikil áhrif á verk kvikmyndatónskálda á borð við John Williams, fyrir ævintýrasögur eins og Star Wars. Þegar maður hlustar á, eða flettir í gegnum verk Khachaturian með eyrum 21. aldarinnar, tekur maður strax eftir því hversu margt hefur verið tekið úr verkum hans og nýtt í heimi kvikmyndatónlistarinnar. Khachaturian virðist hafa verið mikil tilfinningavera, og tjáningin í tónlistinni hans kemur skýrt fram. Kannski var það óhjákvæmilegt alveg frá byrjun að tónlist Khachaturians myndi heyrast víða um heim, og áfram áratugum síðar, því hún krefst hlustunar. Hún laðar að sér eyru og snertir hjörtu, með einstökum og áður óheyrðum blæbrigðum þjóðlagaarfleiddar Armeníu. Hún er bæði aldagömul og splunkuný.

Tónverk

Khachaturian skildi eftir sig 190 tónverk og lög.

Þar af, þrjá balletta: *Shchastye (Hamingja: 1939)*, *Gayane (1939–41)*, *Spartacus (1950–54)*.

Tuttugu verk fyrir sínfóníuhljómsveit, þar af þrjár sínfóníur: *Sínfónía No.1 (1934)*, *Sínfónía No.2 - Bjöllusínfónían (í tveimur útgáfum, 1943, og 1944)*, *Sínfónía No.3 - Sínfóníuljóð (1947)*.

³⁶ Davidjants, „National Identity Construction in Music“ 11.

Fleiri verk fyrir sinfóníuhljómsveit voru: *Danssvíta* (1933), *Svíta úr Gayane No.1* (1943), *Svíta úr Gayane No.2* (1943), *Svíta úr Gayane No.3* (1943), *Þjóðsöngur Armeníu* (1944), *Rússneska Fantasían* (1944), *Svíta úr Masquerade* (1944), *Óður í minningu Lenin* (1948), *Svíta úr Stríðinu um Stalíngírad* (1948), *Sigurljóð* (1950), *Svítan frá Valensíuekkjunni* (1952), *Svíta frá Spartacus No.1* (1955), *Svíta frá Spartacus No.2* (1955), *Svíta frá Spartacus No.3* (1955), *Sinfónískar myndir frá Spartacus* (1955), *Kveðjuforleikur* (1958), *Svíta frá Lermontov* (1959).

Fjögur verk fyrir rödd og hljómsveit: *Ljóð um Stalin* (1938), *Þrjár Aríur* (*Ljóð, Þjóðsaga, Sálmur*) fyrir háa rödd og sinfóníuhljómsveit (1946), *Óður Gleðinnar - ballaða fyrir einleikara, kór, fiðlur, hörpur og hljómsveit* (1956), *Ballaða um móðurlandið, fyrir einleikara og sinfóníuhljómsveit* (1961).

Sex hljóðfærakonserta: *Píanókonsert í Des dúr* (1936), *Fiðlukonser í D moll* (1949), *Sellókonsert í E moll* (1946), *Konsert-rapsódía fyrir fiðlu og hljómsveit* (1961), *Konsert-rapsódía fyrir selló og hljómsveit* (1963), *Konsert-rapsódía fyrir píanó og hljómsveit* (1968).

Tvö kammerverk: *Strengjakvartett* (1931), *Trió fyrir Klarinett, fiðlu og píanó* (1932)

Fimmtán verk fyrir hljóðfæri: *Lag Ashugs á Reiki fyrir selló og píanó* (1925), *Elegía fyrir selló og píanó* (1925), *Verk fyrir selló og píanó* (1925), *Dans No.1 fyrir fiðlu og píanó* (1926), *Draumur fyrir selló og píanó* (1927), *Pantómíma fyrir óbó og píanó* (1927), *Allegretto fyrir fiðlu og píanó* (1929), *Söng-ljóð (til heiðurs Ashugs) fyrir fiðlu og píanó* (1929), *Svíta fyrir víólu og píanó* (1929), *Fjöldadans fyrir harmonikku* (1932), *Fiðlusónata* (1932), *Næturljóð úr Grímuleiknum (e. Masquerade) fyrir fiðlu og píanó* (1941), *Fantasiúsónata fyrir selló* (1974), *Einleikssónata fyrir fiðlu* (1975), *Sónötulag fyrir víólu* (1976)

Átján píanóverk: *Ljóð* (1925), *Valsstúdía* (1926), *Andantino* (1926), *Ljóð* (1927), *Variásjónir af þema „Sólveigar“* (1928), *Sjö þululestrar og fúgur (tvær útgáfur, 1928 og 1966)*, *Svíta (Toccata, Waltz-Capriccio, Dans)* (1932; *Toccatan er nú þekkt sem verk aðskilið frá svítunni*), *Dans No.3* (1933), *Mars No. 3* (1934), *Budenovka, fjöldadans (án dagsetningu)*, *Kóreógrafískur Vals* (1944), *Þrjú verk fyrir tvö píanó (Ostinato, Romans, Stórkostlegur Vals)* (1945), *Plata fyrir börn No.1 - 10 verk* (1947), *Vals úr Masquerade* (1952), *Píanó Sónatína* (1959), *Píanó Sónata* (1961), *Plata fyrir börn No. 2* (1965), *Ævintýri Ívans (án dagsetningu)*.

Tuttugu og eitt verk fyrir leikhús: *Baghdasar frændi* (1927), *Khatabala* (1928), *Oriental tannlæknir* (1928), *Heiðursskuld* (1931), *Macbeth* (1933), *Örmagna heimili* (1935), *Frábær*

dagur (1937), *Baku* (1937), *Ekkjan frá Valensíu* (1940), *Masquerade* (1941), *Kremlin Klukkur* (1942), *Hljóðskáti* (1943), *Síðasti dagurinn* (1945), *Suðrænn stakkur* (1947), *Saga um sannleikann* (1947), *Ilya Golovin* (1949), *Vorstraumur* (1953), *Varðengill frá Nebraska* (1953), *Lermontov* (1954), *Macbeth* (1955), *Lear Konungur* (1958).

Tónlist við átján kvikmyndir, (m.a. *Vladimir Ilich Lenin*, 1949).³⁷

Niðurlag

Khachaturian hugsaði um tónlist sína sem samansafn af öllum þeim áhrifum sem hann varð fyrir í gegnum tíðina. Með því að sameina armenskar hefðir við samtímatónlist, bjó hann til nýjan stíl.³⁸ Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir armenska þjóðlagaarfinum, eiginleikum hans til þess að semja tónlist sem hljómar óneitanlega frá hans heimalandi, en einnig hvernig Khachaturian klæðir verkin inn í vestrænan búning. Hann lagði mikla áherslu á það að tónlistin yrði að vera falleg, að hún hefði sálræn áhrif og myndi skapa gleði í hlustandanum. Litir, fegurð og þjóðareinkenni voru mjög mikilvæg fyrir hann.³⁹ Tilfinningaleg tjáning hans á sögu Armeníu gerði hann að einstöku tónskáldi sem snertir sameiginlega taug í heiminum. Alveg eins og Armenía, þá var Khachaturian þar sem austrið mætti vestrinu. Evrópsk tónlist fékk spunaðli og takt austurlenskrar tónlistar. Armenskur hljómur fékk að hljóma á sviði klassískrar tónlistar. Khachaturian þótti mjög vænt um fólkið í kringum sig, og löngun hans fyrir mannlega tengingu var stór hluti af lífi hans. Hann var maður fólksins, og einbeitti sér að tónlist fólksins. Á seinni árum kenndi hann hópi af nemendum tónsmíðar á þriðjudögum. Harris, fyrrum nemandi Khachaturian, minnst þess að hann hafi oftast gengið með öllum nemundum sínum heim til sín eftir tímunn, þar sem hann bauð þeim öllum í kvöldmat. Hún segir hann hafa verið föðurmynd fyrir marga af nemendum sínum, ávallt haft trú á þeim og gefið þeim eins mikið og hann gat. „*Hann var alltaf umkringdur fólki, meira að segja á síðustu dögum ævinnar, sem hann varði á spítala. Það er þessi ástríða fyrir mannlegri tengingu sem keyrði líf hans og tónlist áfram.*” Harris segir Khachaturian hafa samið með ástríðu, opnu hjarta og innsæi.⁴⁰ Framlög Khachaturians til heimsins eru mörg, hvert og eitt áhrifaríkt á sitt eigin hátt. Í dag er hann eitt

³⁷ Shneerson, Grigory. „*Aram Khachaturyan*,” 49.

³⁸ Christofakis, „The music that shaped a nation” 31.

³⁹ Christofakis, „The music that shaped a nation” 31.

⁴⁰ Christofakis, „The music that shaped a nation” 32.

stærsta stolt bæði armenskrar og rússnenskrar tónlistarsögu.⁴¹ Það má segja að Khachaturian sé birtingarmynd af Armeníu í heimi tónlistarinnar. Með því að bera fram í tímann söng og dans forfeðranna, en líka með því að tengja saman austrið og vestrið.

⁴¹ Christofakis, „The music that shaped a nation” 36.

Heimildaskrá

Abraham Calvocoressi, *Master Musicians Series: Mussorgsky*. (London: J.M.Dent & Sons Ltd, 1946), 178.

Christofakis, Anastasia. “The Music That Shaped A Nation: The Role Of Folk Music, The Duduk, And Clarinet In The Works Of Contemporary Armenian Composers Aram Khachaturian And Vache Sharafyan,” (2015): 13-102.

Davidjants, Brigitta. „National Identity Construction in Music: A Case Study of Aram Khachaturian,” (2017): 8-12.

Georgi Gyodakyan. *Aram Khachaturian and the music of the 20th century*. (Yerevann: Publishing House of the Academy of Sciences of the Armenian SSR, 2009), 100 - 123.

Grigory Shneerson, *Aram Khachaturyan*. Xenia Danko þýddi. (Moscow: Foreign Languages Publishing House, 1959)

Mher Navoyan, *Fragments from the History of Armenian Music*. 2009.

Rosen, Peter, Leikstjóri. *Khachaturian: The virtuous Soviet Armenian composer*. Peter Rosen Productions, 2003. Kvikmynd.

Stanley D. Krebs, *Soviet Composers and the Development of Soviet Music*. (London: George Allen and Unwin Ltd, 1970)